

Kjörstjórn vegna kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

23. ágúst 2023

Fundur hófst kl. 17:00 og slitið kl. 18:39

Mætt eru:

Hafdís Rut Rudolfsdóttir, Thelma Dögg Theodórsdóttir, Finnbjörn Bjarnason, María Úlfarsdóttir, Eygló Hreiðarsdóttir, skrifstofustjóri, Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundinn og Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Reglugerð um íbúakosningu sveitarfélaga

Bryndís Gunnlaugsdóttir fer yfir drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

Bryndís segir frá því að samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna hafi gert þá tillögu til sveitarstjórna að þau sem verða 16 ára á kosningatímabilinu, þ.e.a.s. frá fyrsta degi kosninga þar til á síðasta degi kosninga, hafi kosningarétt.

2. Tímasetning kosninga

Bryndís greindi frá því frá því að samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna hafi lagt til við sveitarstjórnir að fyrsti dagur kosninga sé mánudagurinn 9. október og síðasti dagur kosninga sé laugardagurinn 28. október n.k.

3. Fyrirkomulag á kjörstað

Bryndís greindi frá því að samstarfsnefnd hafi bókað að kjörstjórn yrði falið að útfæra fyrirkomulag, opnunartíma kjörstaða og fjölda kjörstaða.

Rætt var um að kosningarnar færu fram á bæjarskrifstofum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar á Patreksfirði frá 9. október til og með 27. október á opnunartíma skrifstofanna. Íbúar Tálknafjarðarhrepps myndu kjósa á bæjarskrifstofum Tálknafjarðarhrepps og íbúar Vesturbyggðar á bæjarskrifstofum Vesturbyggðar á Patreksfirði.

Á síðasta degi kosninganna, laugardagurinn 28. október, er tillaga um að kosið verði í 4 kjördeildum, þ.e. á Birkimel, Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Opnunartími kjördeilda yrði ákveðinn síðar. Fólk skuli mæta til kosninga á þessum degi í þeirri kjördeild sem þau eru skráð.

Lagt er til að farið verði á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði einu sinni á tímabilinu 9. október til og með 27. október eftir opnunartíma skrifstofa sveitarfélaganna.

Kjörstjórn vísar umræðunni til næsta fundar kjörstjórnar, þar sem fyrirkomulag á kjörstað verði ákveðið.

4. Fyrirkomulag póstkosninga

Íbúar geta haft samband við viðkomandi bæjarskrifstofu og óskað eftir því að fá atkvæðaseðil annað hvort útprentaðan í pósti eða í tölvupósti.

Atkvæði úr póstkosningu eru talin sér.

Kjörstjórn vísar umræðunni til næsta fundar kjörstjórnar þar sem fyrirkomulag póstkosninga verður ákveðið.

5. Auglýsing í Lögbirtingablaði

Bryndís greindi frá því að samstarfsnefnd skuli sjá um að auglýsa í Lögbirtingablaðinu. Kjörstjórn tekur ákvörðun á næsta fundi á hvaða tíma atkvæðagreiðsla fer fram, fjölda kjörstaða og fjölda kjördeilda eftir atvikum og kemur þeim upplýsingum til samstarfsnefndar.

6. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur kjörstjórnar verði fimmtudaginn 31. ágúst n.k. kl. 17:00.

Hafdís Rut Rudolfsdóttir

Thelma Dögg Theodórsdóttir

Finnbjörn Bjarnason

María Úlfarsdóttir

Eygló Hreiðarsdóttir, skrifstofustjóri

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi.